

Til Menntaráðs Kópavogsbæjar,
Digranesvegi 1,
200 Kópavogi.

12.2 2026

Beiðni um flutning skipulagsdags frístundar

Fyrir hönd foreldra barna í Barnaskóla Kársness, vill skólaráð koma á framfæri stuðningi við beiðni skólastjóra um að skipulagsdagur frístundar, sem nú er áætlaður 10. mars nk., verði fluttur til 15. maí.


Að mati foreldra myndi slík breyting koma sér betur fyrir fjölskyldur, bæði með tilliti til skipulags og samræmingar við aðra viðburði á skólaárinu. Við teljum að með flutningi skipulagsdagsins megi draga úr raski á daglegu skipulagi heimila án þess að það komi niður á starfi frístundar.

Bráðabirgða skólaráð hvetur því menntaráð til að taka erindið til jákvæðrar skoðunar og samþykkja umræddan flutning.

Við þökkum fyrir góðan samstarfsvilja og hlökkum til áframhaldandi farsæls samstarfs.

Virðingarfyllt,

Bráðabirgðaskólaráð



Sigurbjörg M Viðarsdóttir grunnskólakennari



Þóra Marteinsdóttir grunnskólakennari


Foreldrar



Agnes Ó. Valdimarsdóttir



Róbert Ö. Ferdinandsson



Sara E. Haynes

Elísabet Sverrisdóttir ritari

